

Titill	Jöklaferðir
Skammstöfun	FJAL2JÖ03
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	jöklaferð, sig, ísklifur, sprungubjörgun
Þrep	2
Einingafjöldi	3

Lýsing:	<p>Námið er vettvangsnám þar sem farið er í ferðir úti í náttúrunni þar sem tekist er á við raunaðstæður. Áhersla er lögð á nemandann sjálfan, hans þekkingu, leikni og hæfni. Einnig er áhersla á leiðsögn þar sem nemandinn þjálfast í að aðstoða við leiðsögn með reyndum leiðsögumönnum.</p> <p>Megináherslan er á ferðalög á skriðjökklum. Nemandi þjálfast í að undirbúa slíkar ferðir og takast á við krefjandi aðstæður. Hann þjálfast í að velja leiðir til fjalla og á jöklum og hafa yfirsýn og þekkingu á þeim búnaði sem þarf við ísklifur, jökлагöngur, sprungubjörgun og almennar jöklaferðir. Nemandi kynnist því hvað ber að hafa í huga við ótryggar aðstæður í vetrarfæri á jökli og lesa í veðrabrigði.</p>
----------------	---

Forkröfur:	FJAL1GÖ05, FJAL1SH03 og FJAL2KK05
-------------------	-----------------------------------

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi skipulag jöklaferða • fjölbreyttum möguleikum á að stunda útivist • nauðsynlegum öryggisbúnaði • eigin styrkleikum og takmörkunum • mismunandi aðstæðum • ísklifri, leiðarvali á jökli, áhættumati og stjórnun, ásamt sprungubjörgun • viðeigandi búnaði í ferðum á skriðjökklum • mikilvægi hópstjórnunar • hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði • skipulagi jöklaferða og þeim útbúnaði sem þarf til þeirra • verndun náttúrunnar
------------------------	---

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning jöklaferða • meta eigin styrkleika og takmarkanir • stunda ísklifur í ofanvaði af öryggi og að velja ísklifurveggi við hæfi • nota réttan búnað á skriðjökli og ganga vel um hann • framkvæma sprungubjörgun • ferðast á jöklum • finna heppilegt samstarfsfólk og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða • nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit • rata og velja leiðir í fjallendi og á jökli, meta áhættu og stýra þeirri hættu
---------------------	--

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • hagnýta sér búnað sem þarf til að ferðast í brattlendi • ferðast örugglega á skriðjöklum • stunda ísklifur við hæfi og framkvæma sprungubjörgun • taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga • hagnýta sér það sem sjá má af veðurspám og útliti • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • rata og velja öruggustu leiðina í fjalllendi og á jökli • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum • taka saman í lok ferðar mat á hvernig til tókst og geta dregið lærdóm af því • bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi
--------------------	--

Námsmat	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

Leiðbeiningar	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðunum sjálfum og fyrir og eftir ferðir. Nemandi skilar loggbók og er hún hluti námsmöppu.</p>
----------------------	--